

# LÍFÆÐIN FM 2011 - 2012 (7. des. - 7. jan. 2012)

“Samningur um styrktaraðild” - (Kvittun fyrir greiðslu.)

\_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_

samþykkir hér með að styrkja útvarpsstöðina **Lífæðina FM** um kr.: \_\_\_\_\_

Vöruskipti: (þjónusta/vörur/afsláttur) : \_\_\_\_\_

Slagorð styrktaraðila vegna kynningar á styrktaraðilum: \_\_\_\_\_

Nafnleynd: Já \_\_\_\_ Nei \_\_\_\_ - **Umsaminn birtingarfjöldi innsenndra auglýsinga: \_\_\_\_ pr./dag. v/styrks.**

**Allir** veittir styrkir verða nýttir til þess að greiða niður kostnað við rekstur útvarpsstöðvarinnar í einn mánuð, s.s leigu á tækjabúnaði, leyfis- og opinber gjöld, dreifikerfi, uppsetningu búnaðar og niðurtöku búnaðar, auk annars tilfallandi kostnaðar. Öll vinna við dagskrá útvarpsins er sem fyrr unnin í sjálfböðavinnu.

**Allar** upphæðir eru að sjálfsögðu vel þegnar en þó er miðað við að styrkir fyrirtækja verði ekki lærri en 20.000,- kr. pr./styrktaraðila. (Viðtöl eða sérstök kynning á styrktaraðilum eða þátttaka þeirra í dagskrá útvarpsins er að sjálfsögðu möguleg en slíkt þarf að framkvæmast af frumkvæði styrktaraðilanna sjálfra.)

ATH: Allir styrktaraðilar geta jafnframt tilkynnt um styrki sína, með einföldum og skjótvirkum hætti, á vef Lífæðarinnar FM, með því að fylla út einfalt form og senda inn í gegnum vefkerfi útvarpsins. Upplýsingarnar munu aðeins berast útvarpsstjóra Lífæðarinnar FM og hann einn sér um frágang og innheimtu styrkjanna.

**Í staðin fyrir styrkveitingu til handa Lífæðarinni FM fær hver styrktaraðili eftirfarandi:**

1) Á hverjum útsendingardegi **Lífæðarinnar FM** verður spilað kynningarstef útvarpsins þar sem allir styrktaraðilar verða nafngreindir, óháð því hve hár styrkur þeirra er, en í þeirri röð sem styrkirnir berast útvarpsstöðinni. Einnig verða nöfn allra styrktaraðila birt í stafrófsröð á vef **Lífæðarinnar FM** - [www.lifaedin.com](http://www.lifaedin.com), í eitt ár.

2) Allir styrktaraðilar munu njóta sérkjara og þjónustu varðandi auglýsingar á útvarpsstöðinni, hvort sem um er að ræða lesnar eða leiknar auglýsingar. **Lífæðin FM** getur annast gerð leikinna auglýsinga en það mun kosta 30.000,- kr. aukalega pr./auglýsingu og verða auglýsingarnar framleiddar af fagfólki á öllum sviðum. Hægt er að senda Lífæðinni FM, texta auglýsingarinnar í tölvupósti, Lífæðin FM býr svo auglýsingarnar til og birtir í samráði við hvern styrktaraðila. Lífæðin FM mun einnig gera sitt besta við lesnar auglýsingar og tilkynningar í beinni útsendingu, hvern útsendingardag. Styrktaraðilar geta sent Lífæðinni FM texta á tölvupósti og óskað eftir því að auglýsingin verði lesin við fyrsta tækifæri. Ef styrktaraðilar kjósa að senda til Lífæðarinnar FM, tilbúna auglýsingar til spilunar, þá þurfa styrktaraðilar að senda þær til Lífæðarinnar FM, á .wav formi eða a.m.k mp3 320kbs. (Senda má auglýsingarnar sem spila á í tölvupósti eða í gegnum ftp svæði útvarpsins, ásamt birtingaplani.)

**Stærri styrktaraðilar: (Sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök viðsvegar um land)**

**Stór** - Styrktaraðilar sem styrkja **Lífæðina FM** um **60.000,- kr.** fá í staðinn birtar auglýsingar á útsendingartíma stöðvarinnar, þó ekki fleiri en **6 birtingar pr./útsendingardag**. Styrktaraðilar af þessari stærðargráðu geta jafnframt sent Lífæðinni FM tilbúna auglýsingar til spilunar, tilkynningar af ýmsum toga eða auglýsingar sem lesnar verða í beinni útsendingu þegar við á, án aukakostnaðar. Jafnframt munu nöfn styrktaraðila verða kynnt daglega í kynningarstefi Lífæðarinnar FM, auk þess sem nöfn styrktaraðila munu birtast í stafrófsröð á vef útvarpsins [www.lifaedin.com](http://www.lifaedin.com), í eitt ár.

**Stærri** - Styrktaraðilar sem styrkja **Lífæðina FM** um **100.000,- kr. eða meira** fá birtar auglýsingar á útsendingartíma stöðvarinnar þó ekki fleiri en **10 birtingar pr./útsendingardag**. Styrktaraðilar af þessari stærðargráðu geta jafnframt sent Lífæðinni FM tilbúna auglýsingar til spilunar, tilkynningar af ýmsum toga eða auglýsingar sem lesnar verða í beinni útsendingu þegar við á, án aukakostnaðar. Jafnframt munu nöfn styrktaraðila verða kynnt daglega í kynningarstefi Lífæðarinnar FM, auk þess sem nöfn styrktaraðila munu birtast í stafrófsröð á vef útvarpsins [www.lifaedin.com](http://www.lifaedin.com), í eitt ár.

**Stærstur** - Styrktaraðilar sem styrkja **Lífæðina FM** um **150.000,- kr. eða meira** fá birtar auglýsingar á útsendingartíma stöðvarinnar þó ekki fleiri en **15 birtingar pr./útsendingardag**. Styrktaraðilar af þessari stærðargráðu geta jafnframt sent inn til okkar tilbúna auglýsingar til spilunar, tilkynningar eða auglýsingar sem lesnar verða í beinni útsendingu, án aukakostnaðar. Jafnframt munu nöfn styrktaraðila verða kynnt daglega í kynningarstefi Lífæðarinnar FM, auk þess sem nafn styrktaraðila mun birtast í stafrófsröð á vef útvarpsins [www.lifaedin.com](http://www.lifaedin.com), í eitt ár.

Allar nánari upplýsingar um ofangreint veitir útvarpsstjóri Lífæðarinnar FM góðfúslega í s. 844 6213. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið [liffm@talnet.is](mailto:liffm@talnet.is) og verður þeim svarað eins fljótt og auðið er.